

# Stefna um ábyrgar fjárfestingar

## Hlutverk Stefnis

Hlutverk Stefnis er að stýra fjármunum í eigu viðskiptavina með hagsmuni þeirra að leiðarljósi til skemmri og lengri tíma.

Ábyrgir, fjölbreyttir fjárfestingakostir og ítarleg upplýsingagjöf eru lykilatriði í framkvæmd og sýnileika þeirrar samfélagslegu ábyrgðar sem Stefnir vill sýna. Með því að taka tillit til umhverfismála, félagslegra þátta og góðra stjórnarháttanna teljum við að við getum haft jákvæð áhrif á samfélag okkar, eigendum í sjóðum og öðrum haghöfum til góðs.

## Stoðir ábyrga fjárfestinga

Sem aðili að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar hér eftir „PRI“ hefur Stefnir skuldbundið sig opinberlega til að innleiða og útfæra reglur PRI um ábyrgar fjárfestingar. Reglurnar fela m.a. í sér að við fjárfestingarákvarðanir eru umhverfismál, félagslegir þættir og góðir stjórnarhættir hluti af ákvarðanatöku. Stefnir er stofnaðili IcelandSIF, vettvangs til að efla þekkingu og auka umræður um ábyrgar fjárfestingar. Stefnir er einn fjölmargra aðila sem standa að viljayfirlýsingu á innlendum fjármagnsmarkaði ásamt stjórnvöldum um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar.

Ákvarðanatöku fjárfestinga byggir á lögum, reglum og innri reglum m.a. um meðferð umboðsatkvæða, verklagsreglur um áreiðanleikakönnun gagnaðila og viðmið um áreiðanleikakönnun í sjóðum Stefnis. Sjóðir í stýringu Stefnis nýta sér m.a. UFS greiningar innlendra og erlendra þjónustuaðila við áreiðanleikakönnun fjárfestinga. Einnig er stuðst við útgefna reglur á alþjóða vettvangi s.s. reglur OECD um stjórnarhætti.

## UFS ráð Stefnis

Framkvæmdastjóri skipar UFS ráð úr hópi starfsmanna sem koma að fjárfestingaferli sjóða. UFS ráðið vinnur samkvæmt starfsreglum, veitir stuðning við samval fjárfestinga og fullvissu um að unnið sé samkvæmt þeim viðmiðum um ábyrgar fjárfestingar sem sett eru í starfsemi Stefnis. UFS ráðið ákveður þær síðferðilegu takmarkanir fjárfestinga sem ber að fylgja við fjárfestingar ákvarðanir sjóða.

## Aðferðafræði við samval fjárfestinga sjóða í stýringu Stefnis

Við sjóðastýringu skal tryggja áreiðanleika við val á fjárfestingum sjóða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi. Fullnægjandi skilningur og þekking á þeim fjárfestingarkostum sem standa sjóðunum



til boða skal vera til staðar í upphafi fjárfestingar og yfir fjárfestingartímabil hennar, þar með talin þau umhverfismál, félagslegu þættir og stjórnarhættir sem hafa áhrif á samfélag okkar til skemmri og lengri tíma.

### **Sambætting UFS í fjárfestingarferli**

Stefnir sambættir UFS málefni í fjárfestingarferli sjóða í stýringu félagsins þar sem því verður við komið. Sérstaklega er skimað fyrir félögum sem samræmast ekki þeim siðferðilegum takmörkunum sem ákveðnar hafa verið og beitt er tematískri aðferðafræði í sjóðum þar sem það á við.

Siðferðilegar takmarkanir fjárfestinga eru tilgreindar í sérstökum viðauka við stefnu þessa. Viðaukinn er aðgengilegur á [heimasíðu Stefnis](#).

Stefna um ábyrgar fjárfestingar á við alla sjóði Stefnis. Unnið er markvist að því að sýna á gagnsæjan hátt hvernig áhætta tengd sjálfbærni er metin við fjárfestingarákvarðanirnar þeirra. Í þessu samhengi má nefna KF Global Value en sjóðurinn er skilgreindur sem sjálfbær fjárfestingarvara sbr. 8. gr. reglugerðar ESB nr. 2019/2088 um sjálfbærni tengda upplýsingagjöf í fjármálaþjónustu (SFDR).

### **Virkt eignarhald og áhrifafjárfestingar**

Stefnir fylgir reglum um meðferð umboðsatkvæða og beitir Stefnir hluthafaréttindum í samræmi við mat á hagsmunum sjóðanna, m.a. við atkvæðagreiðslu á hluthafafundum. Með virku eignarhaldi beitum við okkur fyrir jákvæðum breytingum með hag umhverfis, félagslegra málefna og stjórnarháttanna í fyrirrúmi til skemmri og lengri tíma.

### **Sérhæfðar fjárfestingar**

Við mat á sérhæfðum fjárfestingarkostum er notast við áreiðanleikakannanir til að greina og draga fram þau atriði í rekstri og fjárhag félaga sem skipta mestu máli. Sérstaklega er hugað stöðu UFS þátta í þessu sambandi og tekur umfang UFS athugunar sem framkvæmd er mið af eðli þess fjárfestingarkosts sem er til skoðunar hverju sinni.

Þar sem Stefnir kemur með beinum hætti að rekstri félaga í gegnum eignarhald sjóða í stýringu félagsins og tilefni er til umbóta og stefnumótunar á sviði umhverfismála, félagslegra þátta eða stjórnarháttanna skulu fulltrúar félagsins beita sér fyrir þeim þáttum öllum haghöfum til góðs. Góðir stjórnarhættir eru innleiddir í þeim félögum þar sem Stefnir fer með eignarhlut í félögum fyrir hönd viðskiptavina í sérhæfðum sjóðum.

### **Stjórnarhættir, gagnsæi og upplýsingagjöf**

Stjórn Stefnis hefur tileinkað sér góða stjórnarhætti og hefur einsett sér að stuðla að og styðja við ábyrga hegðun og fyrirtækjamenningu innan Stefnis til hagsbóta fyrir alla hagsmunaaðila félagsins. Siðareglur og stefna félagsins um hagsmunaárekstra styðja einnig við þá ábyrgu fyrirtækjamenningu sem er ríkjandi innan Stefnis og unnið er að að innleiða í þeim félögum sem Stefnir kemur að með eignarhaldi sjóða.

Stefnir mun upplýsa eigendur í sjóðum um hvernig félagið hefur beitt sér og náð árangri í ábyrgum fjárfestingum með skýrum og gagnlegum hætti. Beiting atkvæða samkvæmt reglum um meðferð umboðsatkvæða er birt árlega á heimasíðu Stefnis.

Við munum tala fyrir, styðja við og ýta undir jákvæða þróun ábyrga fjárfestinga í samræmi við skuldbindingu okkar sem aðili að PRI.